

Nd.

36. Frumvarp til laga

[36. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, og l. nr. 28 25. apríl 1966, um breyting á þeim lögum.

Flm. Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 5 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn af samtökum vinnuveitenda, einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skipaður af ráðherra og er sá jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti. Skipun stjórnar fer fram á fjögurra ára fresti. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til allra atvinnurekenda nema bænda, stéttarfélaga og meðlima þeirra svo og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi.

Gjaldskyldur atvinnurekandi telst hver sá, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags eða samkvæmt gildandi launataxta stéttarfélags.

Stéttarfélög teljast samkvæmt lögum þessum launþegasamtök þau, sem félagsbundin eru í Alþýðusambandi Íslands eða lögum samkvæmt eiga rétt til að vera í því.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs. Skal það miðað við vinnuviku unna í þjónustu hans og vera að upphæð fyrir vikuna 25% af umsömdu meðalkaupi viðkomandi stéttarfélags fyrir unna klukkustund í almenntri dagvinnu. Nú verður breyting á kaupum stéttarfélags í almenntri dagvinnu, og breytist þá iðgjaldið um næstu áramót í samræmi við það.

Sé um tímavinnu að ræða, reiknast jafnmargir tímar í vinnuviku og kaupsamningar viðkomandi stéttarfélags kveða á um, að dagvinnutímar séu margir í vinnuviku hjá meðlimum þess. Brot úr viku telst heil vika.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 5. gr. skulu skattyfirvöld leggja á með tekju- og eignarskatti og semja skrá um gjaldendur og upphæðir þær, er þeir skulu greiða. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr gerði gerðar, að skýrt sé tekið fram, fyrir hve margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Skulu skýrslurnar sýna tölu vinnuvikna í hverri starfsgrein og tilgreina það stéttarfélag, sem gert hefur samning eða sett taxa þann, sem hverjum launþega er greitt eftir. Þyki vafi leika

á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða framtali ekki skilað, þá eftir mati skattfirvalda.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem unnið hafa tryggingarskyld störf, sbr. 4. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

6. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fulltrúaráð stéttarféлага í hverju skattumdæmi, eða félögin sameiginlega, sé fulltrúaráð ekki til, skal fyrir lok hvers árs afhenda skattfirvaldi skrá um þau stéttarfélög, sem starfandi eru í umdæminu, ásamt upplýsingum um, hverjar starfsgreinar tilheyra hverju stéttarfélagi. Starfsgrein skal tilheyra því stéttarfélagi, sem gert hefur samning við atvinnurekendur eða sett launataxta, sem viðurkenndur er varðandi launagreiðslur í starfsgreininni.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Sveitarsjóður skal greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnhátt og $\frac{2}{3}$ af álögðum iðgjöldum atvinnurekenda.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimumönnum, hverjum fyrir sitt umdæmi, hver eru framlög sveitarfélaganna í umdæminu, strax og henni hafa borizt skrár þær um skiptingu iðgjalda, sem um er rætt í 7. gr.

8. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, er vera skal $1\frac{1}{2}$ sinnum hærra en álögð iðgjöld atvinnurekenda.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð, þegar iðgjöld atvinnurekenda hafa endanlega verið ákveðin.

9. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband fer fram í umboðum, sem eru jafnmörg og umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, og lúta umboðin sömu mörkum og umboð Tryggingastofnunarinnar, sem hver umboðsmaður annast. Í hverju umboði annast úthlutun bótafjár fimm manna nefnd, þannig skipuð, að þrjá tilnefni stéttarfélögin í umboðinu, einn samtök vinnuveitenda, en umboðsmaður Tryggingastofnunarinnar er sjálfskipaður í nefndina og formaður hennar, en nefndin kys sér ritara. Tilnefning í nefndina gildir til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík gegnir skrifstofustjóri Tryggingastofnunar ríkisins formannsstarfi. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Sá, sem sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði úthlutunarnefndar til sjóðsstjórnar. Nefndirnar starfa eftir reglugerð, er sjóðsstjórnin lætur gera, en ráðherra samþykkir.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörf, og greiðist hvort tveggja, sem og þóknun sjóðsstjórnar samkv. 2. gr. og kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa þeirra, sem henni eru falin með lögum þessum, af fé atvinnuleysistryggingasjóðs.

10. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa 16 ára menn og eldri, sem:

- a. eru fullgildir meðlimir í stéttarfélagum, sem lög þessi taka til.
- b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað a. m. k. samtals í 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða kaupaxta stéttarfélags. Bótaréttur glatast ekki, þó að hlutaðeigandi vinni um tíma önnur hliðstæð störf.
- c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkv. lögum um vinnumiðlun, en annars vottorði oddvita, þar sem vinnumiðlun er ekki starfrækt, að þeir hafi á s. l. 6 mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 á síðustu 18 dögum. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, verið við nám eða notið atvinnuleysisbóta. Í reglugerð, sbr. 14. gr., má ákveða lengri biðtíma þeirra, sem hafa árstíðabundna vinnu, hafa tekjur af eigin atvinnurekstri eða hafa haft hærri tekjur en almennt gerist í byggðarlagi þeirra síðustu 6 mánuði, svo og um styttri biðtíma fyrir þá, sem hafa búið við skertan vinnutíma undanfarið.

11. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

- a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til.
- b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkv. almannatryggingalögum.
- c. misst hafa vinnu af ástæðum, er þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.
- d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
- e. eru ófærir til vinnu eða neita vinnu, sem þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxa eða kjarasamninga hlutaðeigandi stéttarfélags, og ekki sé annað vandhæfi á vinnunni, sem úthlutunarnefnd samkv. 14. gr. tekur gilt. Bótaréttur glatast þó eigi, þótt hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur.
- f. hafa á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, að meðtöldum tekjum maka, sem fara fram úr 75% af árstekjum verkamanna í næstliðið ár, miðað við 300 daga meðaldagvinnukaup almennra verkamanna í Reykjavík samkv. útreikningi kjararannsóknarnefndar.
- g. dvelja erlendis.

12. gr.

18. gr. laganna (2. gr. l. nr. 28/1966) orðist svo:

Dagbætur atvinnuleysistrygginga skulu miðaðar við dagkaup Dagsbrúnarverkamanns fyrir 8 stunda dagvinnu greidda eftir meðaltalstímakaupi við almenna verkamannavinnu. Skulu dagbætur vera $\frac{2}{3}$ af greindu dagkaupi til þeirra, sem sannanlega eru aðalfyrirvinna fjölskyldu sinnar, en $\frac{1}{3}$ til annarra. Enn fremur skal greiða bótaþegum, sem eru fyrirvinna barna innan 16 ára, dagpeninga með börnunum, jafnháa með hverju barni og slysatryggingar almannatrygginga greiða með börnum slysabótaþega.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

13. gr.

19. gr. laganna falli niður, og breytist töluröð eftirfarandi greina samkv. því.

14. gr.

21. gr. laganna, sem samkv. 13. gr. verður 20. gr., orðist þannig:

Úthlutunarnefnd gerir vikulega skrá um þá menn, er hún úrskurðar bætur. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess getið á skránni og tilgreint, í hverju sá ágreiningur er fólgin. Eftir þessari skrá greiðir Tryggingastofnun ríkisins bætur í Reykja-

vík á skrifstofu sinni, nema stéttarfélögin semji við hana um annan hátt á, og skulu bótabegar kvitta á skrána fyrir greiðslunni. Annars staðar annast umboðsmenn almannatrygginga greiðslur bóta með sama hætti.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að síðasta málsgrein 1. gr. laganna falli niður, en hún kveður svo á, að tekjum sjóðsins sé skipt á sérreikninga stéttarfélaganna. Breytingin felur í sér, að atvinnuleysistryggingasjóður verði sameignarsjóður allra stéttarféлага í A. S. Í., enda er stjórnskipan sjóðsins í samræmi við slíkt.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að stjórn sjóðsins skipi 5 menn í stað 7 nú og þeir séu allir tilnefndir af samtökum þeirra aðila, er fyrst og fremst eiga að njóta hans, annars vegar, en hins vegar af þeim, er leggja sjóðnum til tekjurnar.

Virðist t. d. mjög óeðlilegt, að sveitarfélög, sem leggja sjóðnum árlega til stórfé, eigi enga aðild að sjórn hans, svo sem nú er. Vakin er athygli á, að svo er tekið til orða í frumvarpsgreininni, að samtök vinnuveitenda skipi einn mann í stjórn sjóðsins. Er þá átt við, að Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna velji þann mann í sameiningu, meðan þessi samtök eru deild.

Um 3. gr.

Efnisbreytingar þessarar frumvarpsgreinar eru þrjár frá gildandi lögum:

1. Lögnum er ætlað að gilda fyrir alla meðlimi stéttarféлага í A. S. Í., en ekki verkalýðsfélaga einna, eins og núgildandi texti laganna kveður á, þótt svo sé eigi lengur í raun.
2. Lögin nái til allra launþega, jafnt í strjálbýli sem þéttbýli og hvar sem er á landinu, ef þeir eru meðlimir stéttarfélags í A. S. Í. og vinna samkv. launataxta þess.
3. Allir atvinnurekendur — nema bændur — séu gjaldskyldir til sjóðsins.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að iðgjald atvinnurekenda sé ákveðinn hundraðshluti af meðal-tímakaupi í almennri dagvinnu viðkomandi stéttarfélags, þ. e. að vinnuvikugjaldið sé þannig fundið, og er það miklu einfaldara í útreikningi en núverandi iðgjald. Þá er lagt til, að iðgjald atvinnurekandans lækki ögn frá því, sem nú er, og þá haft til hliðsjónar, hve geysisterkur sjóðurinn er orðinn, atvinnuvegirnir búa við miklar álögur og að sjóðurinn fær auknar tekjur, ef þessar lagabreytingar ná fram að ganga, því að þær gera ráð fyrir fleiri gjaldskyldum atvinnurekendum til sjóðsins en nú er.

Um 5. gr.

Orðalagi 6. gr. er breytt til samræmis við breytingar þær, sem felast í 3. gr. frumvarpsins á 4. gr. laganna.

Um 6. gr.

Hér er öllu sleppt úr 7. gr. laganna, sem lýtur að skiptingu iðgjaldanna á sérreikning stéttarfélaganna, þar eð frumvarpið leggur til, að sú sérdeiling falli niður, eins og fyrr greinir.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að framlag sveitarféлага lækki að einum þriðja frá því, sem nú er. Þykir þarflaust að knýja sveitarfélögin til svo mikils framlags til sjóðsins

sem nú er, þegar athugað er, hve öflugur sjóðurinn er orðinn, en greiðslugeta sveitarfélaga áhlaðin. Rétt er að benda á, að tekjurýrnun sjóðsins verður þó ekki sú, sem í fljótu bragði virðist af þessu, þar eð fleiri sveitarfélög verða skattskyld til sjóðsins, ef frumvarp þetta verður samþykkt, en nú eru.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að framlagshlutur ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs lækki nokkuð. Þegar haft er í huga, að atvinnuleysistryggingasjóður hefur á 12 ára tilvistarskeiði sínu orðið langöflugasti sérsjóður, sem til er í landinu, og atvinnuleysisbætur s. l. árs, sem þó var allverulegt atvinnuleysisár, námu ekki fjórðungi ársvaxta sjóðsins, ætti sjóðnum ekki að vera ofboðið með lækkun þeirri á tekjustofni hans, sem hér er lögð til.

Um 9. gr.

Talsverð brögð hafa verið að því, eins og skipan úthlutunarnefnda hefur verið, að erfiðlega gengi að fá vel hæfa menn í þær. Hér er leitast við að fá fastara skipulag í störf úthlutunarnefndanna með því að fækka þeim og stækka starfssvæði þeirra, jafnframt því sem lagt er til, að umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins í hverju umdæmi sé gerður formaður viðkomandi nefndar, enda verður hann hvort eð er að hafa veruleg afskipti af bótaúthlutun eftir gildandi lögum. Myndaðist með þessum hætti ákveðin festa í vinnubrögð nefndanna.

Um 10. gr.

Aðalbreytingin, sem lögð er til með þessari frumvarpsgrein, er sú, að ellilífeyrisréttur útiloki menn ekki frá atvinnubótum, ef um sannanlegt atvinnutap og viðmiðað tekjufall er að ræða.

Um 11. gr.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, eru þessar:

1. Örorkubætur og slysbætur almannatrygginga, aðrar en dagpeningar, skerði ekki rétt manna til atvinnuleysisbóta, hindri önnur bótaskilyrði það ekki. Er þetta hliðstætt því, að ellilífeyrirþega sé heimilað að njóta atvinnuleysisbóta, svo sem lagt er til með breytingu á 15. gr.
2. Tekjur maka séu hafðar til hliðsjónar við mat bótaréttar auk tekna umsækjanda sjálfs.
3. Ársviðmiðunartekjur verkamanna séu byggðar á útreikningi kjararannsóknarnefndar á tekjum verkamanna í Reykjavík og gildi fyrir allt landið.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að dagbætur atvinnuleysistrygginga séu ákveðið hlutfall af dagkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri vinnu, og skilgreint nákvæmlega, hvernig það dagkaup skuli reiknað. Þetta táknar, að dagbætur mundu hækka verulega frá því, sem þær eru nú, eða fast að um helming, en dagbætur eru nú aðeins kr. 165.00 fyrir kvænta karla og kr. 146.00 fyrir einhleypa.

Um 13. gr.

19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar fjallar um sérreikninga stéttarfélaga innan atvinnuleysistryggingasjóðs og að bætur skuli ekki greiða, þrjóti þeir. Þar sem frumvarp þetta leggur til, að slík sérskipting falli niður, og ekki þarf að ætla, að sjóðþrot hindri bótagreiðslu eftir þá breytingu, er það í samræmi við aðrar greinar frumvarpsins, að 19. gr. falli niður.

Um 14. gr.

Hér er lagt til, að bótagreiðslur séu að fullu á hendi Tryggingastofnunar ríkisins, en ekki að hluta, eins og nú er. Er það einfaldara í framkvæmd og eðlileg afleiðing

af því, að umboðsmenn almannatrygginga séu sjálfsgðir formenn úthlutunarnefnda, svo sem frumvarpið leggur til.

Lokaorð.

Eins og kemur fram í athugasemdum við hinar ýmsu greinar frumvarpsins, eru meginbreytingarnar, sem frumvarp þetta leggur til að gerðar verði á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, þessar:

1. Að atvinnuleysistryggingasjóður sé óskipt sameign allra félaga í A. S. Í.
2. Lagt er til, að fækkað sé um tvo menn í sjóðssjórn og vali í hana breytt.
3. Allir atvinnurekendur — nema bændur — verði gjaldskyldir til sjóðsins.
4. Gjöld atvinnurekenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs lækkuð nokkuð.
5. Dagbætur atvinnulausra hækkaðar verulega, en kveðið skýrar á um það, við hvaða tekjur og hve háar skuli miða bótarétt.
6. Rofið er bótasamband milli atvinnuleysistrygginga og almannatrygginga, þ. e. að bætur frá almannatryggingum útiloki menn ekki frá atvinnuleysistryggingum, ef önnur skilyrði hindra ekki. Undantekning er þó áfram slysa- og sjúkradagpeningar.
7. Skipulagi á úthlutun bóta breytt.
8. Dagbætur miðist við hlutfall af tilteknu kaupi.
9. Skýrar er kveðið á um, að barnadagpeningar greiðist til þeirra, og aðeins til þeirra, sem hafa viðkomandi börn að fullu á framfæri sínu.

Samkvæmt 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 29 7. apríl 1956, er svo kveðið á, að endurskoða skuli þau lög að tveim árum liðnum frá setningu þeirra. Þetta hefur ekki verið gert, sem þó hefði verið nauðsyn. Hér er leitast við að sníða ýmsa þá agnúa af lögum þessum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd þeirra, sem og gera þau gleggri og þeim til meiri hagsbóta, sem þeirra þurfa fyrst og fremst að njóta.